



Súnur - Áætlun

Eftirlit með kampýlóbakter í alifuglum

Sýnatökur í frumframleiðslu og slátrun og viðbrögð

Útgáfa: 29.6.2012

Tekur við af útgáfu: dd.mm.áááá

STAÐFESTING Á GILDISTÖKU

Eftirlit með kampýlóbakter í alifuglum

Sýnatökur í frumframleiðslu og slátrun og viðbrögð

Ákvörðun

Skv. reglugerð nr. 1048/2011 um vöktun súna (sjúkdóma sem smitast á milli manna og dýra) og súnuvalda skal vakta tiltækar súnur, m.a. kampýlóbakter, og skal Matvælastofnun gefa út áætlun um vöktunina. Vöktun á kampýlóbakter hefur verið framkvæmd hérlandis í alifuglum og –afurðum frá 2001. Með bættri þekkingu og eftir ellefu ára löngu reynslu er komið að því að endurskoða eldri ákvæði.

Bakgrunnur

Vöktunin á kampýlóbakter í alifuglum er lögfest í reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum með síðari breytingum. Reglugerðin nr. 260/1980 um útbúnað alifuglaslátrhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðissskoðun með síðari breytingum fjallar um vöktun á kampýlóbakter við slátrun alifugla.

Áætlun þessi lýsir þeim breytingum sem nú hafa verið gerðar í samræmi við breytingar á fyrirnefndar reglugerðir.

Ábyrgð: Dýraheilbrigðisvið og Matvælaöryggis- og neytendamálasvið

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi
Sími: (+354) 530 4800
Fax : (+354) 530 4801
mast@mast.is
www.mast.is

Jón Gíslason
forstjóri

Efnisyfirlit

| | |
|--|---|
| 1. Inngangur | 3 |
| 2. Skilgreiningar | 3 |
| 3. Sýnatökuáætlun..... | 3 |
| 3.1. Sýnatökur úr alifuglahópum í eldi (eldissýni) | 3 |
| 3.2. Sýnatökur við slátrun alifugla (slátursýni) | 3 |
| 4. Sýnatökuaðferðir og sending sýna..... | 4 |
| 4.1. Saurssýni | 4 |
| 4.2. Botnlangasýni | 4 |
| 4.3. Hálsaskinnssýni | 4 |
| 4.4. Sending og meðferð sýna | 4 |
| 5. Skilgreining á jákvæðum sýnum | 5 |
| 6. Viðbrögð | 5 |
| 7. Kostnaður | 5 |
| 8. Greinargerð, skýringar | 5 |
| 8.1. Um frystingu | 5 |
| 8.2. Um eldissýni | 5 |
| 8.3. Um slátursýni..... | 6 |
| 8.4. Um hálsaskinnssýni | 7 |
| 8.5. Um viðbrögð | 8 |

1. Inngangur

Áætlun þessi um eftirlit með kampýlóbakter í alifuglum er gefin út í samræmi við eftirtalin ákvæði:

- 4. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1048/2011 um vöktun súna (sjúkdóma sem smitast á milli manna og dýra) og súnivalda og A. lið í I. viðauka í sömu reglugerð
- 7. gr. reglugerðar nr. 260/1980 um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðissskoðun með síðari breytingum
- 5. gr. reglugerðar nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum með síðari breytingum.

Áætlunin lýsir sýnatökum úr alifuglahópum fyrir og við slátrun. Einnig lýsir hún viðbrögðum.

Í 4. kafla er vísað í sýnatökuleiðbeiningar og eyðublað, en þau eru birt á heimasíðu Mast (www.mast.is) undir [Dýraheilbrigði / Eftirlit](#).

2. Skilgreiningar

Alifuglahópur: = eldishópur. Er skilgreindur í reglugerð nr. 1011/2011 en þar segir: „Allir alifuglar við sama heilbrigðisástand sem haldnir eru í sama húsnæði eða innan sömu girðingar og mynda eina faraldsfræðilega einingu, ef um er að ræða alifugla sem hafðir eru í húsi eru meðtaldir allir fuglar sem deila sama loftrými.“

Sláturhópur: Er skilgreindur í reglugerð nr. 251/1995 en þar segir: „Eldishópur eða hluti af eldishópi sem slátrað er á sama degi.“

Frysting: Afurðir uppfylla kröfur um frystingu þegar þær hafa verið frystar í a.m.k tvær vikur fyrir dreifingu.

Hitameðhöndlun: Afurðir uppfylla kröfur um hitameðhöndlun þegar ekki finnst kampýlóbakter í 25g eftir hitameðhöndlun.

Stjórnandi: Sá aðili sem er ábyrgur fyrir rekstri viðkomandi starfsemi (oftast leyfishafi).

3. Sýnatökuáætlun

3.1. Sýnatökur úr alifuglahópum í eldi (eldissýni)

Ef ætlunin er að dreifa afurðum alifuglahópsins ófrystum eða óhitameðhöndluðum, skal stjórnandinn taka eitt safnsýni með 10 saursýnum, óháð stærð alifuglahópsins.

3.2. Sýnatökur við slátrun alifugla (slátursýni)

Frá 1. apríl til 31. október skal sláturleyfishafi taka eitt safnsýni með tíu botnlangasýnum úr hverjum sláturhópi óháð stærð sláturhópsins, ef ætlunin er að dreifa afurðum alifuglahópsins ófrystum eða óhitameðhöndluðum.

Frá 1. nóvember til 31. mars er þess ekki krafist að tekin séu botnlangasýni við slátrun alifugla.

Matvælastofnun getur gefið undanþágu og leyft að tekin séu hálsaskinnssýni í stað botnlangasýna við slátrun kalkúna, þegar erfitt er að taka botnlangasýni.

4. Sýnatökuaðferðir og sending sýna

4.1. Saurasýni

Safnsýnið er samansett úr 10 sýnum af nýjum saur, minnst 25g samtals, óháð stærð fuglahópsins. Saurasýnin skulu tekin víðsvegar úr eldihúsinu og sett í nýtt, hreint ílát. Við sýnatökur skal nota einnota hanska. Sjá sýnatökuleiðbeiningar LBE-camp1.

4.2. Botnlangasýni

Botnlangasýni eru tekin úr 10 tilviljunarkennt völdum skrokkum óháð stærð fuglahópsins, með sótthreinsuðum hnífi eða með því að slíta þá lausa. Botnlangasýnum er safnað í nýtt hreint ílát.

4.3. Hálsaskinnssýni

Hafi Matvælastofnun veitt undanþágu fyrir töku hálsaskinnssýna við kalkúnaslátrun, þá skulu hálsaskinnssýni tekin af a.m.k. 10 tilviljunarkennt völdum skrokkum með sótthreinsuðum hnífi. Hálsaskinnssýni eru tekin með sama hætti og sýni vegna eftirlits með salmonellu við slátrun alifugla skv. reglugerð 135/2010 með síðari breytingum (EB/2073/2005), sjá [leiðbeiningar](#), kafli 4.2. Sýnataka af alifuglum til greiningar á salmonellu. Heimilt er að nota safnsýnið sem tekið er vegna eftirlits með salmonellu í slátrun til ræktunar á kampýlóbakter.

4.4. Sending og meðferð sýna

Safnsýnið skal senda á rannsóknastofu til rannsóknar ásamt upplýsingum sem óskað er eftir á [eyðublaði](#) sem Matvælastofnun gefur út, og eftirtaldar upplýsingar skulu koma a.m.k. fram:

- Sendandi sýnis = sýnatökuaðili
- Eigandi sýnis, greiðandi sýnis ef annar en eigandi sýnis
- Dagsetning sýnatöku
- Hvaða rannsókn óskast
- Fjöldi einstaklingssýna og fjöldi safnsýna
- Rekjanleikanúmer, auðkenni hóps
- Fuglategund
- Ástæða rannsóknar (t.d. skv. áætlun um eftirlit með kampýlóbakter í alifuglum / vegna innra eftirlits fyrirtækis / önnur ástæða)

Sýnin skulu send rannsóknastofu innan við 24 klst. frá sýnatöku. Ef vegna óviðráðanlegra ástæðna, ekki er hægt að senda sýni innan við 24 klst. skal geyma það í kæli við 2-8°C. Á rannsóknastofu skulu sýnin rannsökuð innan við 24 klst. frá móttöku sýnis og innan við 48 klst. frá töku sýnis. Annars telst sýnið ekki rannsóknarhæft.

Sýnin mega hvorki frjósa né vera meðhöndluð á þann hátt að það hafi áhrif á niðurstöður rannsókna.

5. Skilgreining á jákvæðum sýnum

Alifugla- eða sláturhópur telst jákvæður með tilliti til kampýlóbakter þegar rannsóknastofa hefur greint kampýlóbakter spp. í sýni.

6. Viðbrögð

Afurðum sláturhóps má dreifa óhitameðhöndluðum eða ófrystum þegar fyrir liggja niðurstöður úr eldissýnum viðkomandi sláturhóps um að ekki hafi greinst kampýlóbakter og að sýnið sé ekki eldra en 5 daga gamalt.

Ef kampýlóbakter greinist í sýni á eldistímanum eða niðurstöður rannsókna úr eldissýni liggja ekki fyrir eða sýnið er ógilt, þá skulu sláturafurðir viðkomandi alifuglahóps allar frystar eða hitameðhöndlaðar. Í þeim tilvikum þar sem niðurstöður rannsókna úr eldissýni liggja ekki fyrir eða niðurstöður eru ógildar við slátrun er heimilt að bíða með frystingu eða hitameðhöndlun þar til niðurstöður úr slátursýni liggja fyrir. Greinist kampýlóbakter í slátursýni er óheimilt að dreifa afurðum ófrystum eða óhitameðhöndluðum.

Þegar kampýlóbakter greinist í sláturhópi skal frysta eða hitameðhöndla allar afurðir sláturhópsins sem ekki hefur verið dreift frá sláturhúsi. Stjórnandi skal kanna uppruna smits og gera umbætur eftir því sem við á.

7. Kostnaður

Allur kostnaður vegna töku og rannsókna sýna er greiddur af stjórnanda.

8. Greinargerð, skýringar

8.1. Um frystingu

Nýtt er að gefinn er upp lágmarkstími fyrir frystingu jákvæðra afurða fyrir dreifingu. Hingað til hefur enginn lágmarkstími verið tilgreindur. Ákvörðunin er byggð á upplýsingum frá EFSA frá 2011.

(EFSA fundur SCFCAH – Biological safety, 14th April 2011: Based on results of QMRA based on data from four countries: 100% risk reduction by reduction of carcass concentration by > 6 log₁₀ units, Which can be achieved by irradiation/cooking More than 90% risk reduction by reduction of carcass concentrations by > 2 log₁₀ units, which can be achieved by freezing for 2-3 weeks or reduction of the concentration in intestines at slaughter by > 3 log units; 50-90% risk reduction by reduction of carcass concentrations by 1-2 log₁₀ units, which can be achieved by freezing for 2-3 days, hot water or chemical carcass decontamination with lactic acid, acidified sodium chlorite or trisodium phosphate)

8.2. Um eldissýni

Gamalt: Skv. 5. grein reglugerðar nr. 904/2001 sem breytir rgl. nr. 251/1995 eru tekin 10 saursýni úr kjúklingum 2-5 dögum fyrir slátrun vegna rannsókna á hitapolnum kampýlóbakttersýklum.

Skv. 6. grein sömu reglugerðar er slátrað 10 fuglum úr hópum með öðrum alifuglum en kjúklingum 14 dögum fyrir slátrun til gerlafræðilega rannsókna. Síðustu árin hefur verið

venjan að taka 10 saursýni úr alifuglahópum öðrum en kjúklingum vegna rannsókna á kampýlóbakter.

Nýtt: Núna skal taka sýni úr öllum fuglahópum 5 dögum eða skemur fyrir slátrun, ef ætlunin er að dreifa afurðum viðkomandi hóps ófrystum og óhitameðhöndluðum.

Það þýðir að ekki þarf að taka sýni úr alifuglahópum eins og andahópum, varphænsnahópum, holdahænsnahópum þar sem afurðir þeirra fara sjaldnast „ferskar“ út á markað. Sé það samt gert, þarf að taka sýni fyrir slátrun skv. nýju vöktunaráætluninni.

8.3. Um slátursýni

Gamalt: Skv. 1. grein reglugerðar nr. 417/2002 um breytingu á rgl. nr. 260/1980 skal öllum eldishópum sem sendir eru til slátrunar fylgja niðurstöður rannsókna eldissýna vegna ... hitapolinna kampýlóbakttersýkla Í 7. mgr. segir: „*Sláturafurðir alifugla sem boðnar eru ferskar til sölu skulu vera af sláturfuglum þar sem staðfest hefur verið með sýnatöku, a.m.k. einu sinni á eldistímanum, að ekki hafi greinst hitapolnir kampýlóbakttersýklar. Ef hitapolnir kampýlóbakttersýklar greinast á eldistímanum þá skulu sláturafurðir viðkomandi eldishóps allar frystar eða hitameðhöndlaðar, þannig að kjarnhiti nái 72°C, áður en afurðunum er dreift. Óheimilt er að dreifa sláturafurðum alifugla sem vitað er að eru mengaðir af hitapolnum kampýlóbakttersýklum nema frystum eða hitameðhöndluðum.*“

Í bréfi sem var gefið út af yfirdýralækni þann 24. september 2004 segir: *Úr öllum sláturhópum alifugla skal taka 2 x 10 botnlanga óháð stærð sláturhópsins. ... Sýnatökur skulu hefjast samkvæmt þessari áætlun frá og með 1. október nk.*

Í bréfi sem var gefið út af yfirdýralækni þann 31. október 2008 segir: *Ef eldishópur hefur greinst með kampýlóbakter á eldistímanum skal ekki taka slátursýni úr þeim hópi. ... Sýnatökur skulu hefjast samkvæmt þessari áætlun frá og með 1. nóvember 2008.*


Slátursýnin hafa verið tekin af eftirlitsdýralæknum (opinber sýni).

Nýtt: Vegna matvælaöryggis skipta eldissýnin mestu máli. Sýni tekin við slátrun auka matvælaöryggið lítið. Niðurstöður berast tveimur sólahringum eftir móttöku sýnis á rannsóknastofu og hefur stórum hluta afurða viðkomandi hóps þegar verið dreift. Það er einungis hægt að frysta eða hitameðhöndla afurðir sem ekki er búið að dreifa, ef kampýlóbakter finnast í slátursýni. Í rannsóknum í Campy-on-Ice verkefninu kom líka í ljós að magn kampýlóbakttersýkla í afurðum er iðulega lægra ef fuglahópurinn smitast seint í eldi eða á leiðinni í sláturhúsið (neikvætt eldissýni en jákvætt slátursýni).

Þrátt fyrir það skal taka sýni við slátrun alifugla á sumrin (1. apríl til 31. október) ef ætlunin er að dreifa afurðum viðkomandi hóps ófrystum eða óhitameðhöndluðum. Í 4. mgr. 5. greinar reglugerðar nr. 1011/2011 ((EB) nr. 2160/2003) segir að varnaráætlanir skulu taka til a.m.k. eftirfarandi stiga matvælaferlisins: a) fóðurframleiðslu, b) frumframleiðslu á dýrum og c) vinnslu og tilreiðslu matvæla úr dýrum. Þar til komið hefur verið á vöktunarkerfi vegna kampýlóbakter í afurðum alifugla skulu botnlangasýnin tekin sem óbein (indirect) vöktun. Nauðsynlegt er að endurskoða vöktunina og stefna að megindegðum (quantitative) mælingum.

Nýtt er að taka skal eitt safnsýni með tíu botnlöngum í stað tveggja safnsýna með samtals 20 botnlöngum. Þessi ákvörðun er tekin vegna þess að ásætlanlegt er að hækka greiningarmörkin þar sem sýnin eru tekin til vöktunar. Skv. upplýsingum frá Ruff Lowman (10.10.2011) kemur sjaldan fyrir að kampýlóbakter greinist einungis í öðru safnsýninu og er tíðni kampýlóbactersmits í slíkum tilfellum lág. Með því að taka 10 sýni úr rannsóknareiningu er hægt að greina smit í yfir 25% fugla viðkomandi hóps. Í grunnrannsóknum Evrópusambandsins árið 2008 voru einnig tekin 10 botnlangasýni úr slátruhópum, og með sambærilegri vöktun er auðveldara að bera saman niðurstöður.

Önnur breyting er að yfir vetrarmánuðina, frá 1. nóvember til 31. mars er ekki lengur farið fram á sýnatökur við slátrun.



Súluritið sýnir tíðni kampýlóbacters í kjúklingum (skrokkum) í eldi, við slátrun og mismuninn, þ.e.a.s. fjölda skrokka sem er dreift ófrystum og óhitameðhöndluðum (menguðum) út á markað. Ljóst er að tíðni jákvæðra skrokka á markaði er lág á tilgreindum vetrarmánuðum, og er það metið svo að ekki sé þörf á vöktun á þeim tíma. Á síðustu 10 árum hafa verið tekin botnlangasýni úr hverjum slátruhópi allan ársins hring og þess vegna er tíðni smits vel þekkt.

Það má færa rök fyrir að vöktun kampýlóbactersmits í slátruhópum á sumrin, þegar smithættan er mest, nýtist stjórnendum til að meta hvort smitvarnir séu nægilegar á búum, við tínslu og við flutning sláturfugla í slátruhús.

Í samræmi við rgl. 135/2010 eru sýni tekin af hálfu stjórnanda fyrirtækis.

8.4. Um hálsaskinnssýni

Hefð er fyrir því að taka hálsaskinnssýni í stað botnlangasýna við slátrun kalkúna, vegna þess að í viðkomandi slátruhúsi er aðstaðan óaðgengileg til að taka botnlangasýni. Niðurstöður eru sambærilegar skv. rannsóknum í Campy-on-Ice verkefninu en botnlangasýnin eru næmari.

Tekinn er blóðvökvi (0,1ml) úr safnsýninu til ræktunar á kampýlóbakter. Þess vegna er ekki gefið upp stærð hálsaskinnssýna og hægt er að nota sama safnsýnið til ræktunar á kampýlóbakter og til eftirlits með salmonellu.

8.5. Um viðbrögð

Viðbrögð við jákvæðum eldissýnum eru óbreytt: Það skal frysta eða hitameðhöndla afurðir viðkomandi hóps. Sömu viðbrögðin gilda fyrir eldishóp með óþekkt ástand þar sem sýni var ekki tekið eða er ógilt. Nýtt er að stjórnendum fyrirtækja er gefinn kostur á að taka botnlangasýni í slíkum tilfellum og láta niðurstöður sýnis skera úr um hvernig afurðir viðkomandi hóps skulu meðhöndlaðar.

Ef kampýlóbakter greinist í slátursýni en eldissýnið hefur verið neikvætt gildir það sama og áður að frysta eða hitameðhöndla skal allar afurðir sem ekki er búið að dreifa. Stjórnandi skal einnig skoða ástæðu fyrir að hópurinn smitaðist seint og grípa til viðeigandi fyrirbyggjandi aðgerða eins og kostur er.